

## Steinn Þóra Árnadóttir: Kjósum burt NATO

Kæra samkoma!

Til hamingju með daginn! Það er ánægjulegt og jafnframt mikill heiður að fá að taka þátt í dagskránni hér í Iðnó í dag og vera þannig hluti af alheimshreyfingu sem tekur í dag þátt í alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti.

30.mars nk. verða 63 ár liðin frá því að Ísland gerðist stofnaðili að hernaðarbandalaginu Nató. 63 ár frá því að íslenskir ráðamenn skrifuðu undir inngönguskjalið, reyndar með fyrirvörum um að þrátt fyrir aðildina skyldi aldrei vera hér her á friðartímum og að Ísland myndi aldrei verða aðili að stríði.

Síðar kom í ljós varðandi fyrra skilyrðið að skilgreiningin á „friðartímum“ reyndist ansi teygjanleg. Og seinna skilyrðinu hentu íslenskir ráðamenn sjálfir út um gluggann og skrifuðu upp á hvert stríðið á fætur öðru. Júgóslavía '99, Afganistan 2001, Írak 2003, Líbía 2012... Fjögur stríð á 12 árum.

Nató er bandalag sem inniheldur stærstu vopnaframleiðsluríki heimsins. Þetta er bandalag sem byggir á kjarnorkuvopnastefnu. Þetta er bandalag sem ekki útilokar beitingu kjarnorkuvopna af fyrra bragði. Og þetta er bandalag sem hefur á síðustu árum gerst sífellt árásargjarnara og blandað sér í stríðsrekstur í fjarlægum löndum.

Kannski eru einhver hér á samkomunni sem muna 30. mars árið 1949. Fólki sem upplifði það að sjá hjálmklædda menn, vopnaða kylfum ryðjast út úr Alþingishúsinu gegnum tárasský og berja á fólki sem þar hafði safnast saman til að nýta lýðræðislegan rétt sinn til mótmæla. Mennirnir með kylfurnar voru flestir félagar í ungliðahreyfingu stærsta ríkisstjórnarflokksins og höfðu fengið sérstaka þjálfun í að lumbra á samborgurum sínum.

En hvers var fólkið á Austurvelli að krefjast? Inni í Alþingishúsinu fór fram atkvæðagreiðsla um aðildina að Nató. Fólkið á vellinum krafðist þjóðaratkvæðagreiðslu – að þjóðin sjálf fengi að ráða.

Í upphafi voru aðildarríki Nató 12. Þeim hefur hinsvegar fjölgað í tímans rás og nú eru þau tæplega 30. Bandaríkin eru langöflugasta herveldið innan Nató og þau hafa alla tíð ráðið mestu um stjórn þess. - Sumir vilja reyndar kalla bandalagið pólitískan arm bandaríska hersins. - Bretland, Spánn, Þýskaland og Frakkland hafa þó einnig yfir öflugum herjum að skipa.

Í upphafi var markmið bandalagsins, svo vitnað sé í orð fyrsta aðalritara þess, Ismay lágvarðar að: “Halda Rússunum úti, Könunum inni og Þjóðverjum niðri”. En þörfin á hernaðarbandalaginu var framanaf einmitt réttlætt með vísunum til ógnar frá Sovétríkjunum, sem leiddi af sér mikið vígbúnaðarkapphlaup með sístækkandi vopnabúrum.

Hernaðarandstæðingar héldu því þó alltaf fram á tímum Kalda stríðsins að þetta væri fyrirsláttur, enda kom í ljós þegar Sovétríkin hrundu, að Nató hafði engan áhuga á að leggja sjálft sig niður. Bandalagið kaus þvert á móti að hefja sókn og fara í útrás með gríðarlegri hernaðaruppbyggingu um víðan heim í leit að nýjum tilefnum til að réttlæta tilvist sína.

Aðildaríki Nató eru mestu vopnaframleiðslulönd veraldar og saman standa þau undir um 70% útgjalda til hermála í heiminum. Þar á bæ eru því aðilar sem hafa gríðarlega hagsmuni af stríðsátökum. - Við skulum ekki láta blekkja okkur með öðru.

Bandalagið er tæknisinnað og lætur kostnað ekki hindra sig í að fjárfesta í nýjum og dýrum stríðstólum. Sumarið 2008 – þegar veröldin stóð á barmi efnahagskreppu – gáfu stjórnendur Nató-ríkja sér tíma til að bregða sér til fundar í Búkarest (Geir Haarde og Ingibjörg Sólrún splæstu í einkapotu – munið þið?).

Á fundinum var einróma samþykkt ályktun þess efnis að þrátt fyrir kreppu og þrengingar, skyldi engin ríkisstjórn gera þau mistök að leyfa sér að skera niður til hermála... svona ef einhverjum kynni nú að láta sér detta í hug gæfusamari ráðstöfun fjármuna. Það væri áhugavert að vita hvað Íslendingum finnst um þau útgjöld sem við berum vegna aðildar okkar að Nató og hvort við teljum þeim fjármunum betur varið í annað?

Ég tel þeim betur varið í nálega allt annað og hef þá einlægu trú að besta leiðin – raunar eina leiðin - til að gera heiminn friðvænlegri sé með afvopnun og félagslegu réttlæti úti um allan heim, en ekki með því að setja sífellt aukna fjármuni í vopn og vígbúnað. Mér finnst einfaldlega ekki raunsætt að við sköpum okkur réttlátan heim nema með friði og það krefst afvopunar.

Þetta hefur alla tíð verið afstaða langflestra íslenskra kvenfrelsisinna. Jafnréttisbaráttan og friðarbaráttan hafa frá upphafi haldist hönd í hönd hér á landi.

Frá því að ég fékk kosningarétt hefur afstaðan til hernaðarmála og Nató alltaf vegið þungt í því hvernig ég ráðstafa mínu atkvæði. Það má því segja að í hverjum kosningum sem ég hef tekið þátt í hafi ég verið að kjósa um afstöðuna og aðildina að Nató.

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga um að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um veru Íslands í Nató. Slíkri þingsályktunartillögu fagna ég heilshugar og vona svo sannarlega að hún komist á dagskrá sem fyrst og umræðan um veru okkar í Nató fái þannig aukinn kraft.

Við friðarsinnar höfum ekkert að óttast varðandi slíka kosningu. Reynslan sýnir að umræðan styrkir málstað okkar, enda eru flestir þeirrar skoðunnar að það sé rangt að drepa annað fólk. Við eigum að leita friðsamlegra lausna en ekki að hoppa alltaf á lausnir hermangaranna. Þær hafa ekki virkað hingað til og ég hef enga trú á að þær geri það í framtíðinni.

Gerum því Nató og stefnu þess að kosningamáli. Kjósum alltaf gegn ofbeldi, stríði og stríðsrekstri. Klárum það sem fólkíð á Austurvelli árið 1949 barðist fyrir. Kjósum burt Nató.